

Birtist á Pressan.is, 18. apríl 2011.

Leysum kvótadeiluna á hálf tíma

Jón Steinsson

Friðrik Arngrímsson segir að unnt sé að leysa kvótadeiluna á hálf tíma. Ég sammála honum að mikilvægasta atriðið – að arðurinn renni að sanngjörnum hluta til þjóðarinnar – er tiltölulega einfalt að leysa. Hér er tillaga að lausn:

21. grein laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða hljóði svo:

■**21. gr.** Til grundvallar veiðigjaldi hvers árs skal leggja verga hlutdeild fjármagns þeirra fyrirtækja sem fá úthlutað aflaheimildum að frádreginni 8% árgreiðslu.

☐ Veiðigjald hvers árs skal reiknað sem 50% af niðurstöðutölu 1. másl. í krónum á þorskígildiskílógramm.

☐ Veiðigjaldið skal innheimt af Ríkisskattstjóra samhliða tekjuskatti.

Þar að auki þarf að setja nýja grein í lög nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða sem hljóða eitthvað á þessa leið:

■**XX. gr.** Allur afli sem veiddur er upp í veiðiheimildir úthlutað samkvæmt lögum þessum skal seldur á skipulögðum fiskmarkaði sem hefur tilskilin leyfi.

☐ Fiskistofa veitir leyfi til starfrækslu fiskmarkaða.

Þetta síðara ákvæði er nauðsynlegt til þess að útgerðarfyrirtæki selji ekki tengdum aðilum fisk á undirverði til þess að komast hjá veiðigjaldinu. Þetta ákvæði hefur einnig þann kost að það kemur í veg fyrir að útgerðir fari á svig við kjarasamninga sjómanna með því að selja afla á undirverði til tengdra aðila.

Hér er miðað við að veiðigjaldið verði 50% af vergri hlutdeild fjármagns að frádreginni árgreiðslu. Þessi stærð er ágætur mælikvarði á auðlindaarðinn – og hefur verið reiknuð og birt af Hagstofunni í mörg ár. Ég er því að gera ráð fyrir að þjóðin og útgerðarmenn skipti framtíðararðinum til helminga. Útgerðarmenn hafa þá fengið allan arðinn síðust 25 ár og fá helming hans í framtíð. Það verður að teljast nokkuð rausnarlegt boð.